

Nú hefur bæst í vef-flóru Menntamiðju vefurinn Skólaþræðir sem var opnað fyrir í gær. Vefritið er gefið út af Skólaþróun – samtaka áhugafólks um skólaþróun og unnið í samstarfi við Menntamiðju. Í Skólaþráðum eru birtar greinar um þróunarstarf og annað áhugavert sem er að gerast í skólum landsins.



Í fyrstu útgáfu Skólaþráða eru sjö greinar sem fjalla um skólastarf á öllum skólastigum. Má t.d. nefna áhugaverðar greinar um heimspekikennslu í skólum, um nýjar bækur tengdar námi og kennslu, kennslufræði og margt fleira.

Deildu þessu með vinum:

- Facebook
- Reddit
- Twitter
- Google
- Pinterest